

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2022, fimmtudaginn 6. október kl. 09:05, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 887. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason, Þórður Már Sigfússon, Sólveig Sigurðardóttir, Sigríður Maack, Brynja Kemp Guðnadóttir, Björn Ingi Edvardsson og Olga Guðrún B Sigfúsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Efra Breiðholt, hverfisskipulag, breyting á hverfisskipulagi vegna skilmálaeiningar 6.3.31** Mál nr. SN220617
Skjalnr.
Lagt er til að fella skilmálaeininguna úr hverfisskipulagi vegna skörunar við deiliskipulag Arnarnesvegar.
Vísad til umhverfis- og skipulagsráðs.
- Seljahverfi, hverfisskipulag, breyting á hverfisskipulagi vegna skilmálaeiningar 6.2.26** Mál nr. SN220618
Skjalnr.
Lagt er til að fella skilmálaeininguna úr hverfisskipulagi vegna skörunar við deiliskipulag Arnarnesvegar.
Vísad til umhverfis- og skipulagsráðs.
- Fellsmúli 2-12, skipting lóðar (01.296.0)** Mál nr. SN220570
Skjalnr. 5861
Ásta Ragnheiður Júlíusdóttir, Fellsmúli 6, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram bréf Ástu Ragnheiðar Júlíusdóttur dags. 1. júní 2022, mótt. 13. ágúst 2022, um að skipta lóðinni nr. 2-12 við Fellsmúla í tvær lóðir þ.e. Fellsmúla 2-8 og Fellsmúla 10-12. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
- Ystibær 5, (fsp) taka í notkun óuppfyllt rými (04.351)** Mál nr. SN220610
Skjalnr. 12981
Ívar Jónsson, Ystibær 5, 110 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ívars Jónssonar dags. 27. september 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 5 við Ystabæ sem felst í að taka í notkun óuppfyllt rými á jarðhæð hússins. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022. Samræmist ekki hverfisskipulagi.

5. **Dugguvogur 4, Breyting á BN060761 - 125** (01.452.201) Mál nr. BN061386
gestir Skjalnr. 7191
Dugguvogur 4 ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060761 vegna lokaúttektar, þ.e. flóttastiga á suðurhlið snúid, fallið frá uppsetningu milliveggja í suðvestur horni 2. hæðar, hurð sett í vegg sem áður var op, kaffiáðstöðu starfsmanna breytt, flóttaleiðir einfaldaðar og bætt við milliveggjum á 2. hæð fyrir 125 gesti í húsi á lóð nr. nr. 4 við Dugguvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
6. **Langholtsvegur 88, (fsp) nýbygging á lóð** (01.43) Mál nr. SN220490
fyrir studio Skjalnr. 14690
Olga Perla Nielsen Egilsdóttir, Langholtsvegur 88, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Olgu Perlu Nielsen Egilsdóttur dags. 28. júlí 2022 um að koma fyrir einnar hæðar nýbyggingu á lóð fyrir fyrir studio, samkvæmt skissu ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
7. **Lofnarbrunnur 30, (fsp) stækkun lóðar o.fl.** (05.055.6) Mál nr. SN220615
Skjalnr. 14713
Katla Sif Friðriksdóttir, Þrastarhöfði 30, 270 Mosfellsbær
Lögð fram fyrirspurn Kötlu Sifjar Friðriksdóttur dags. 28. september 2022 ásamt greinargerð Mansard - Teiknistofu ehf. dags. 28. september 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 30 við Lofnarbrunn til vesturs um 90 cm ásamt því að helluleggja gangstétt norðan megin lóðar í stað þess að hún verði steyp, samkvæmt uppdr. Mansard - Teiknistofu ehf. dags. 28. september 2022.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
8. **Suðurlandsbraut 34/ Ármúli 31 -** (01.265.2) Mál nr. SN220437
Orkureitur, kynning Skjalnr. 8872
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. júlí 2022 voru lagðar fram til kynningar fyrirspurnarteikningar/teikningasett Arkþing/Nordic ehf. dags. 7. júlí 2022 vegna uppbyggingar að Suðurlandsbraut 34/Ármúla 31, reitur 1.265- Orkureitur. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
9. **Blesugróf 30, (fsp) hækkun á hámarks** (01.885.3) Mál nr. SN220395
gólfkóta 1. hæðar Skjalnr. 13691
Sýrfell ehf, Traðarlandi 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Sýrfells ehf., dags. 21. júní 2022 ásamt bréfi ódags. um hækkun á hámarks gólfkóta 1. hæðar hússins á lóð nr. 30 við Blesugróf. Einnig var lagður fram lagnauppdr, dags. í febrúar 1974, hæðarblaði dags. í nóvember 2016 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. september 2022. Erindi er lagt fram að nýju ásamt nýrri fyrirspurn Sýrfells ehf. dags. 27. september 2022 og bréfi dags. 27. september 2022 þar sem óskað er eftir útskýringum á fimmta lið í umsögn skipulagsfulltrúa.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

10. **Einarsnes 74, (fsp) uppbygging á baklóð o.fl.** (01.673.1) Mál nr. SN220631
Skjalnr. 5296
Ásmundur Vilhjálmsson, Langholtsvegur 61, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ásmundar Vilhjálmssonar dags. 28. september 2022 um uppbyggingu fjórþýlis á baklóð Einarsnes 74 sem yrði Einarsnes 74B og verður aðkeyrsla að lóð við vesturenda Einarsnes 74. Einnig eru lagðar fram skissur á yfirlitsmyndum.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
11. **Flugvöllur, Aðflugsljós við enda flugbrautar** Mál nr. BN060624
13 Skjalnr. 6767
Isavia Innanlandsflugvelli ehf, Reykjavíkflugvelli, 102
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 3. júní 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 31. maí 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir aðflugsljósum við enda 13. flugbrautar, vestan við Suðurgötu, tengt lóð Reykjavíkurlugvallar, L 106930. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Umsækjandi hafi samband við embættið.
12. **Köllunarklettsvegur 3 og Héðinsgata 1, 2** (01.328) Mál nr. SN220051
og 3, (fsp) breyting á deiliskipulagi Skjalnr. 7615
Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 4. febrúar 2022 var lögð fram fyrirspurn Arkþing/Nordic ehf. dags. 26. janúar 2022 ásamt bréfi dags. 20. janúar 2022 um breytingu á deiliskipulagi lóðanna nr. 3 við Köllunarklettsveg og nr. 1, 2 og 3 við Héðinsgötu vegna uppbyggingar á m.a. íbúðum fyrir aldraða, hjúkrunarheimili og tengdri þjónustu, hóteli og hótélíbúðum, samkvæmt tillögu/hugmyndum Arkþing/Nordic ehf. dags. 1. janúar 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
13. **Vesturgata 35A, (fsp) hækkun húss** (01.135.1) Mál nr. SN220507
Skjalnr. 10783
Kristín R Sigurðardóttir, Iðufell 12, 111 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Kristínar R. Sigurðardóttur dags. 3. ágúst 2022 um hækkun hússins á lóð nr. 35A við Vesturgötu sem felst í að bæta við rishæð á húsið, samkvæmt skissum ódags.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
14. **Álfabakki 6, Auglýsingaskilti - Á lóð:** (04.60) Mál nr. BN061441
L231587 Skjalnr. 5510
Garðheimar Gróðurvörur ehf., Stekkjarbakka 6, 109 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að reisa stafrænt tveggja hliða skilti, 8,67 ferm., 5,8 m á hæð og hámarksbirtu 6.000 ein. við hús á lóð nr. 6 við Álfabakka. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.

15. **Ármúli 4-6, Mhl.02 - Ármúli nr. 6 - breyta** (12.900.01) Mál nr. BN061428
erindi BN060954 + viðbygging o.fl Skjalnr. 7167
 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060954, þ.e. við suðurgafli er bætt við flóttastiga og útveggir klæddir áklæðningu, viðbyggingu ásamt lyftuhúsi á austurhlíð og endurnýjun glugga í matshluta nr. 02 í húsi nr. 6 á lóð nr. 4-6 við Ármúla.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Ármúla 2, 8 og 8A.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
16. **Baldursgata 30, (fsp) breyting á notkun** (01.182.2) Mál nr. SN220539
 Skjalnr. 8476
 Magna Fríður Birnir, Lerkihlíð 9, 105 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Mögnu Fríðar Birnis, dags. 31. ágúst 2022, um breytingu á notkun rýmis merkt 03-0101 hússins á lóð nr. 30 við Baldursgötu úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
17. **Hjallavegur 16, Bílskúr** (13.531.14) Mál nr. BN061509
 Skjalnr. 11452
 Eysteinn Þór Br Steinólfsson, Hjallavegur 16, 104 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, steinsteyptur og járnþentur, einangraðan að innan með léttbyggðu einhalla timburþaki í sunnanverðu horni lóðar húss á lóð nr. 16 við Hjallaveg.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Óðinsgata 8, (fsp) stækkun húss** (01.180.3) Mál nr. SN220418
 Skjalnr. 12766
 Bjarki Gunnar Halldórsson, Óðinsgata 4, 101 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Bjarka Gunnars Halldórssonar dags. 1. júlí 2022 um stækkun hússins á lóð nr. 8 við Óðinsgötu, samkvæmt skissu ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. október 2022.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 5. október 2022 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
19. **Starhagi 3, (fsp) gististaður** (01.555.3) Mál nr. SN220582
 Skjalnr. 12128
 Árni Freyr Magnússon, Starhagi 3, 107 Reykjavík
 Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Árna Freys Magnússonar dags. 17. september 2022 um rekstur gististaðar í húsinu á lóð nr. nr. 3 við Starhaga. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.

20. **Sogavegur 222, Bílskúr** (01.837.004) Mál nr. BN061342
Skjalnr. 11914
Guðmundur Pálmason, Sogavegur 222, 108 Reykjavík
Jenny Árnadóttir, Sogavegur 222, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25 ágúst 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr á tveimur hæðum, bílgeymsla á aðkomuhæð og geymsla í kjallara við hús á lóð nr. 222 við Sogaveg. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
21. **Tröllaborgir 14, breyting á deiliskipulagi** (02.34) Mál nr. SN220576
Skjalnr. 14614
Davíð Rúnar Bjarnason, Tröllaborgir 14, 112 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram umsókn Davíðs Rúnars Bjarnasonar, dags. 19. september 2022, um breytingu á deiliskipulagi Borgahverfis E-H hluta vegna lóðarinnar nr. 14 við Tröllaborgir. Í breytingunni sem lögð er til felst að heimilt verði að breyta einbýlishúsi í tvíbýlishús, stækka íbúð á 1. hæð og setja svalir ofan á stækkunina, samkvæmt uppd. Luigi Bartolozzi arkitekts dags. 19. september 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Tröllaborgum 12 og 16.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6. gr. og gr. 12 gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
22. **Stóragerði 21, (fsp) breyting á skráðum** (01.804.004) Mál nr. SN220559
Skjalnr. 14702
fermetrum/stækkun íbúðar
Thelma Guðrún Jónsdóttir, Stóragerði 21, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Thelmu Guðrúnar Jónsdóttur dags. 7. september 2022, um að fjölga skráðum fermetrum í íbúð á lóð nr. 21 við Stóragerði. Einnig er lagður fram tölvupóstur Thelmu Guðrúnar Jónsdóttur dags. 13. september 2022 þar sem fram koma upplýsingar um stækkun íbúðar. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
23. **Kjalarnes, Fitjar, (fsp) stofnun lóða** (36.4) Mál nr. SN220562
Skjalnr. 10191
Guðjón Júlíus Halldórsson, Fitjar, 116 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Guðjóns Halldórssonar, dags. 13. september 2022, um að stofna tvær sérbýlishúsalóðir í landi Fitja á Kjalarnesi, samkvæmt skissu á yfirlitsmynd ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. október 2022.
Ekki eru gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað, sbr. umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. október 2022. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.

24. **Kjalarnes, Tindstaðir, (fsp) nýtt deiliskipulag** (31.2) Mál nr. SN220529
Skjalnr. 10161
Brimgarðar ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Brimgarða ehf., dags 26. ágúst 2022, ásamt bréfi Teiknistofunnar Storð ehf. dags. 26. ágúst 2022, um nýtt deiliskipulag fyrir landspildu á jörðinni Tindstaðir á Kjalarnesi vegna uppbyggingar á hæsnabúi. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 5. október 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
25. **Breiðhöfði 3 og Bíldshöfði 7, (fsp) skipting lóðar** (04.056.6) Mál nr. SN220546
Skjalnr. 5722
LOGOS slf., Efstaleiti 5, 103 Reykjavík
B.M. Vallá ehf., Bíldshöfða 7, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram fyrirspurn B.M. Vallá ehf. dags. 5. september 2022 um að skipta upp lóðunum að Breiðhöfða 3 og Bíldshöfða 7 innan núverandi lóðamarka þannig að innan þeirra verði fjórar lóðir, samkvæmt tillögu Arkþing/Nordic ódags. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
26. **Starhagi 11, breyting á deiliskipulagi** (01.555.2) Mál nr. SN220581
Skjalnr. 9000
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram umsókn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 21. september 2022, um breytingu á deiliskipulagi Starhaga-Þormódsstaðavegar vegna lóðarinnar nr. 11 við Starhaga. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðarinnar ásamt stækkun á leikskólanum Sæborg, samkvæmt uppdr. A arkitekta dags. 19. september 2022. Einnig er lagt fram bréf A arkitekta dags. 19. september 2022. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

Komi til auglýsingar á breytingu á deiliskipulagi, þarf umsækjandi áður að greiða skv. 7.5. gr. gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu nr. 1051/2022.
27. **Víðinesvegur 22, ósk um umsögn um starfsleyfi** (36.285.501) Mál nr. SN220619
Skjalnr. 14509
Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 30. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna umsóknar Björgunar ehf. um starfsleyfi fyrir malar og sandvinnslu, vélsmíði og vélaviðgerðir og olúgeymi til eigin nota að Víðinesvegi 22 í Álfsnesi. Óskað er umsagnar skipulagsfulltrúa um það hvort starfsemin samræmist skipulagi og gildistíma starfsleyfis en alla jafna gefur Heilbrigðiseftirlitið út starfsleyfi til 12 ára.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

28. **Eirhöfði 16, (fsp) uppbygging** (04.030.0) Mál nr. SN220600
Skjalnr. 6641
Litli Hnúkur ehf, Eirhöfða 16, 110 Reykjavík
Ólafur Sörli Kristmundsson, Vesturgata 71, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Litla Hnúks ehf. dags. 9. september 2022 um uppbyggingu á lóð nr. 16 við Eirhöfða. Einnig er lögð fram hugmyndavinna Tvíhorfs arkitekta dags. 25. janúar 2019.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Furugerði 23, framkvæmdaleyfi** (01.807.4) Mál nr. SN220564
Skjalnr. 5681
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 13. september 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir gerð aðkomugötu að eystri enda lóðar nr. 23 við Furugerði og framlengingar á neðri enda Furugerðis með beygju inn í bílskýli í vestur enda lóðar nr. 23 við Furugerði. Einnig er lagður fram uppdr. Mannvits dags. 4. apríl 2022 og uppdr. Landslags dags. 19. mars 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 . Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
30. **Urðarstígur 4, breyting á deiliskipulagi** (01.186) Mál nr. SN220089
Skjalnr. 14268
Þórir Jónsson Hraundal, Urðarstígur 4, 101 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Þóris Jónssonar Hraundals dags. 12. febrúar 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Urðarstígsreits, reitur 1.186, vegna lóðarinnar nr. 4 við Vatnsstíg. Í breytingunni að gerður er nýr byggingarreitur fyrir viðbyggingu sunnan hússins, samkvæmt uppdr. teiknistofunnar Óðinstorgi dags. 20. júlí 2022. Við breytinguna hækkar nýtingarhlutfall lóðar. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. ágúst 2022 til og með 2. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sveinn Viðar Guðmundsson dags. 2. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 , sbr. a. lið 2. gr. í viðauka 2.3 um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa nr. 1020/2019.
31. **Álfheimar 21, Áður gerðar breytingar, breytt notkun og fjölgun fasteigna úr þremur í fjórar** (01.432.205) Mál nr. BN061119
Skjalnr. 14705
Ankor ehf., Álfheimum 21, 104 Reykjavík
Garðar Einarsson, Bandaríkin,
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. reistir milliveggir í bílgeymslu, önnur bílskúrshurðin fjarlægð, komið fyrir útgangshurð og glugga komið fyrir í hina, byggt hefur verið yfir tröppur, komið fyrir hurð í burðarvegg og gluggar á vesturhlíð fjarlægðir, jafnframt er sótt um að fjölga fasteignum með íbúð í kjallara, breyta notkun bílskúrs og skipta í tvær notkunareiningar sem vinnustofur, eignarhald vinnustofu 02-0101 verði kjallara 01-0001 og vinnustofu 02-0102 verði íbúð 01-0201 í húsi á lóð nr. 21 við Álfheima. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.

32. **Freyjugata 46, (fsp) stækkun garðskála** (01.196.1) Mál nr. SN220540
Skjalnr. 8826
Ólafur Jóhann Ólafsson, Bandaríkin
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Ólafs Jóhanns Ólafssonar og ASK Arkitekta ehf., dags. 31. ágúst 2022, um að stækka garðskála á lóð nr. 46 við Freyjugötu, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta dags. 31. ágúst 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
33. **Lindargata 62, (fsp) stækkun húss o.fl.** (01.153.2) Mál nr. SN220515
Skjalnr. 13022
Páll V Bjarnason, Laufásvegur 7, 101 Reykjavík
Stórval ehf., Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Páls V. Bjarnasonar, dags. 17. ágúst 2022, um stækkun hússins á lóð nr. 62 við Lindargötu sem felst í að byggja viðbyggingu til vesturs, hækkun á kjallara hússins og framlengja hann til suðurs, samkvæmt uppdr. Park dags. 17. ágúst 2022. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 17. ágúst 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
34. **Síðumúli 21, (fsp) hækkun húss** (01.293.2) Mál nr. SN220558
Skjalnr. 12004
Umbrella ehf., Víðihlíð 6, 105 Reykjavík
Kári Björnsson, Víðihlíð 6, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Umbrella ehf. og Kára Björnssonar, dags. 5. september 2022, um hækkun hússins á lóð nr. 21 við Síðumúla um eina hæð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.
35. **Sóltún 2-4, breyting á deiliskipulagi** (01.233.101) Mál nr. SN210452
Skjalnr. 5554
Studio Nexus slf., Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
Sóltún 4 ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Studio Nexus slf. f.h. Sóltún 2-4 ehf. dags. 16. júní 2021 um breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún. Breytingin sem lögð er til felst í megin atriðum í því að lóðinni er skipt upp til tveggja nota annarsvegar hjúkrunarheimili í nr. 2 og íbúðir í nr. 4. Breytingar varðandi húshluta nr. 2 er að tvær álmur eru lengdar til að bæta við hjúkrunarrýmum, 5. hæðinni er bætt við að hluta og kjallarinn er stækkaður. Breytingar varðandi húshluta nr. 4 eru þær að formi byggingareits er breytt og notkun er breytt úr hjúkrunarheimili yfir í íbúðir, hæðar heimild er breytt úr 4 hæðum í 5 hæða hús með 6. hæð að hluta. Byggingarmagn og sérskilmálar eru uppfærðir m.v. þetta og bílastæðaskilmálar eru uppfærðir fyrir Sóltún 4, samkvæmt uppdr. Studio Nexus slf. dags. 10. júní 2021, síðast breytt 22. febrúar 2022. Einnig er lögð fram breytt tillaga Studio Nexus, móttokin 19. nóvember 2021, þar sem m.a. húsformi er breytt og samgöngumat unnið af VSÓ dags. febrúar 2022. Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 til og með 11. maí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Helgi Gunnlaugsson dags. 25. apríl 2022, Þ. Toggi Björnsson dags. 25. apríl 2022, Steinþór Steingrímsson og Sólveig Hlín Kristjánsdóttir dags. 25. apríl 2022, Einar Karl Kristjánsson dags. 26. apríl 2022, Tryggvi Magnússon dags. 28. apríl 2022, 21 íbúðaeigendur að Mánatúni 2 dags. 2. maí 2022, Jónína S. Pálmadóttir dags. 5. maí 2022, Harald Isaksen dags. 5. maí 2022, Þórunn

Selma Þórðardóttir dags. 8. maí 2022, Böðvar Freyr Stefnisson og Snædís Jóhannesdóttir dags. 9. maí 2022, Rakel Ármannsdóttir, Birna Ketilsdóttir og Halla Bogadóttir fh. húsfélagsins Mánatún 6 dags. 9. maí 2022, Stefán Rafn Geirsson dags. 9. maí 2022, Dóra Stefánsdóttir, dags. 9. maí 2022, Emilía Örylgisdóttir og Ómar Örn Hauksson dags. 9. maí 2022, Waldorfleikskólinn Sólstafir dags. 10. maí 2022, 21 íbúðareigendur í Mánatúni 4 dags. 10. maí 2022, Jóhann P. Jónsson dags. 10. maí 2022, Eiríkur G. Guðmundsson dags. 10. maí 2022, stjórn íbúasamtaka Laugardals dags. 11. maí 2022, Margrét Birgisdóttir, Árni Hallgrímsson dags. 11. maí 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 5. maí 2022 og umsögn íbúaráðs Laugardals dags. 10. maí 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. maí 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

36. **Brekkaás 2, Fjölbýlishús**

Mál nr. BN061534
Skjalnr.

Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekkaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt raffhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

37. **Almannadalur 25-29, Hesthús - mhl.03**

(05.865.2)

Mál nr. BN061398
Skjalnr. 12691

Alhliða pípulagnir sf., Akralind 5, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 20. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja hesthús á tveimur hæðum, steinsteypt burðarvirki með timburþaki, skipt upp í tvær notkunareiningar, notkunareining 03-0101 eru 8 stúur ásamt hlöðu á 1. hæð og íbúð á 2. hæð með útgengt út á svalir til suðurs, í notkunareiningu 03-0102 eru 11 stúur og hlaða á 1. hæð og íbúð á 2. hæð með útgengt út á svalir til norðurs á húsi nr. 29 á lóð nr. 25-29 við Almannadal. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.

38. **Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag**

(04.9)

Mál nr. SN210221
Skjalnr. 5435

Vegagerðin, Suðurhrauni 3, 210 Garðabær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 1. september 2022 var lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. ágúst 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þegar gengið hefur verið frá skipulagsmörkum Seljahverfis og Efra Breiðholts til samræmis deiliskipulagssvæðis 3. áfanga Arnarnesvegar. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

39. **Brekkaás 4, Fjölbýlishús**

Mál nr. BN061535
Skjalnr.

Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekkaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt raffhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi.

Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

40. **Breknaás 8, Fjölbýlishús** Mál nr. BN061536
Skjalnr.
Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Breknaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt rafhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
41. **Gufunes, áfangi 1, framkvæmdaleyfi** (02.2) Mál nr. SN190557
Skjalnr. 7808
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Á fundi skipulagsfulltrúa 20. september 2019 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. september 2019 um framkvæmdaleyfi vegna gatnagerðar og lagningu veitukerfa í Gufunesi áfanga 1. Einnig er lagt fram teikningasett Verkís dags. 1. ágúst 2019. Einnig var lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. september 2019. Erindi er nú lagt fram að nýju ásamt tölvupósti skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 29. september 2022 þar sem óskað er eftir framlengingu á framkvæmdaleyfi til ársloka 2024.
Samþykkt að framlengja framkvæmdaleyfið til ársloka 2024.
42. **Kjalarnes, framkvæmdaleyfi** Mál nr. SN220569
Skjalnr. 10189
Veitur ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 var lögð fram umsókn Veitna ohf. dags. 14. september 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir borun á Hitastigulsholum á Kjalarnesi og leitarholum í landi Vallár. Einnig lögð fram greinargerð Ísor dags. 21. júní 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022. Vísad til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
43. **Skútuvogur 5 og 7-9, breyting á deiliskipulagi** (01.421.7) Mál nr. SN220245
Skjalnr. 5749
Indro Indriði Candi, Álfrólsvegur 62, 200 Kópavogur
Reitir - iðnaður ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Indro Candi dags. 29. apríl 2022 ásamt bréfi dags. 29. apríl 2022 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skútuvogs vestur vegna lóðanna nr. 5 og 7-9 við Skútuvog. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni og stækkun á byggingarreitum lóðarinnar nr. 7-9 ásamt fjölgun bílastæða, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. VA arkitekta ehf. dags. 2. mars 2022. Tillagan var grenndarkynnt frá 5. september 2022 til og með 3. október 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

44. **Stefnisvogur 12, Fjölþýlishús** (01.451.305) Mál nr. BN061455
Skjalnr. 14704
BBL 159 ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. september 2022 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. september 2022 þar sem sótt er um leyfi til að byggja þrjú stakstæð tveggja til fimm hæða fjölþýlishús með 68 íbúðum sem tengjast um bílakjallara fyrir 63 bíla á lóð nr. 12 við Stefnisvog. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið.
45. **Úlfarsfell grafreitir, framkvæmdaleyfi** (02.6) Mál nr. SN220413
Skjalnr. 8533
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. júlí 2022 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 29. júní 2022 um framkvæmdaleyfi fyrir móttöku og frágangi á lífrænu efni og mold á losunarstað væntanlegs grafreit í Úlfarsfelli, samkvæmt teikningasetti VSÓ ráðgjafar dags. 1. janúar 2022. Einnig er lagð fram Minnisblað Mannvits dags. 30. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Samþykkt að gefa út framkvæmdaleyfi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022. Vísað til skrifstofu sviðsstjóra til útgáfu framkvæmdaleyfis. Vakinn er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. gr. 5.3 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
46. **Hellusund 6A, Br. og viðbót við hús.** (11.852.14) Mál nr. BN060793
Skjalnr. 14588
Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um leyfi til að breyta notkun úr íbúðarhúsi í skrifstofuhúsnæði, byggja tengigang við norður lóðarmörk ásamt tilheyrandi breytingum á innra skipulagi og útlitsbreytingum því til samræmis, 8-10 starfsmenn í húsi á lóð nr. 6A við Hellusund.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Hellusundi 6 og 7, Grundarstíg 23, Bergstaðastræti 36, 38, 40, 42 og 44 og Laufásvegi 31, 33 og 35.
Vakinn er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1051/2022.
47. **Dyngjuvegur 18, Bráðabirgðahúsnæði - leikskóli** (01.384.305) Mál nr. BN061051
Skjalnr. 14651
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja niður færanlegar kennslustofur, sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð, um er að ræða byggingu úr forsmíðuðum gámaeiningum á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg. Erindi var grenndarkynnt frá 30. ágúst 2022 til og með 27. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigurður Baldursson, Kristín Bernharðsdóttir og Þórður Ásmundsson dags. 27. september 2022. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 29. september 2022 og er nú lagt fram að nýju.
Vísað til umhverfis- og skipulagsráðs.

48. **Hellusund 6, (fsp) stækkun lóðar** (01.185.2) Mál nr. SN220545
Skjalnr. 13339
Þingholt ehf., Hellusundi 6, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 8. september 2022 var lögð fram fyrirspurn Þingholts dags. 5. september 2022 um stækkun lóðarinnar nr. 6 við Hellusund, samkvæmt tillögu Trípólí arkitekta dags. 5. september 2022. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
49. **Réttarholtsvegur 21-25, 21-25 - Færanlegar** (18.323.01) Mál nr. BN061202
Skjalnr. 10665
kennslustofur
Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 5. júlí 2022 þar sem sótt er um leyfi til að setja fjórar færanlegar kennslustofur sem verða tengdar saman tvær og tvær og verðar skráðar sem mhl. 13 og mhl. 14, við Réttarholtsskóla á lóð nr. 21- 25 við Réttarholtsveg. Erindi var grenndarkynnt frá 2. september 2022 til og með 30. september 2022. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.
50. **Kópavogur, Vatnsendahvarf-
Vatnsendahæð, skipulagslýsing vegna
breytingu á aðalskipulagi** Mál nr. SN220620
Skjalnr. 8439
Kópavogsbær, Digranesvegi 1, 200 Kópavogur
Lagt fram erindi Kópavogsbæjar dags. 30. september 2022 þar sem óskað er eftir umsögn um lýsing skipulagsverkefnis (skipulagslýsing) dags. 15. september 2022 vegna fyrirhugaða breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 fyrir Vatnsendahvarf-Vatnsendahæð. Í aðalskipulagsbreytingunni verður afmörkun landnotkunarreita fyrir íbúðarsvæði, opin svæði og samfélagsþjónustu breytt, fellt verður út svæði fyrir verslun og þjónustu í útjaðri íbúðarsvæðisins og sú þjónusta sem þar var fyrirhuguð færð miðsvæðis inn í hverfið nálægt skóla og leikskóla, auk þess sem staðsetning minjasvæðis er leiðrétt. Í athugun er að breyta Kambavegi í safngötu frá Vatnsendavegi þ.e. að og frá hverfinu.
Vísað til umsagnar deildarstjóra aðalskipulags.
51. **Ingunnargata 1, Stöðuleyfi -
sjálfsafgreiðslustöð Pikkaló** (16.313.04) Mál nr. BN061511
Skjalnr.
Pikkaló ehf., Lynghaga 10, 107 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 4. október 2022 þar sem sótt er um stöðuleyfi fyrir færanlegri snjall-sjálfsafgreiðslustöð með kælingu fyrir matvörur, byggða úr clt einingum á lóð nr. 1 við Ingunnargötu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022 samþykkt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:15.

Björn Axelsson

Borghildur Sölvey Sturludóttir

Helena Stefánsdóttir